

## 45. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 17. nóvember 2022 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

### Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Nanna Kristjana Traustadóttir, fulltrúi Keilis

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Rekstraráætlun 2023

Forstöðumaður fór yfir fjárhagslega stöðu setursins og samantekt á núverandi rekstrarári. Þá kynnti hann tillögu að rekstraráætlun næsta árs sem var samþykkt einróma. Áætlunin verður send ráðuneytinu í janúar næstkomandi ásamt starfsáætlun ársins 2023.

#### 2. Gæðastefna þekkingarsetra

Fyrir á árinu var sameiginleg gæðastefna allra þekkingarsetra unnin af stjórn Samtaka þekkingarsetra. Stefnan var yfirfarin og rædd af stjórn og mun forstöðumaður hefja vinnu við innleiðingu hennar.

#### 3. Önnur mál

a) Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands í stjórn setursins, tilkynnti að þetta yrði hennar síðasti fundur, en hún hefur settið sem fulltrúi Náttúrustofunnar í stjórninni frá stofnun Þekkingarsetursins árið 2012. Stjórn og forstöðumaður þakka henni innilega fyrir mjög ánægjulegt og gagnlegt samstarf og óska henni alls hins besta. Forstöðumaður mun óska eftir því að stjórn Náttúrustofunnar skipi nýjan fulltrúa í stjórn þekkingarsetursins.

b) Ákveðið var að næsti fundur verði haldinn fimmtudaginn 16. mars 2022 kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 15:45.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - Sign

---

Nanna Kristjana Traustadóttir - Sign

---

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

---

Guðmundur Grétar Karlsson - Sign

---

Björk Guðjónsdóttir - Sign

---

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign